

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 LAUGARVATN

Garðabær, 27. apríl 2023  
Málsnúmer: 202303-0043  
SS

## Efni: Umsögn um deiliskipulag fyrir Úthlíð 1, frístundabyggð í Bláskógabyggð.

Vísað er í tölvupóst frá skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs, dags. 17. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulag fyrir Úthlíð 1, frístundabyggð í Bláskógabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið sem fjallar um hluta núverandi frístundabyggðar í landi Úthlíðar 1, svokallað svæði 5a. Flestar lóðir á svæðinu eru þegar byggðar og því felur deiliskipulagið ekki í sér áform um mikla stækkun frístundasvæðisins miðað við núverandi ástand nema aðeins til suðurs. Hins vegar er gert ráð fyrir nýjum aðkomuvegi frá Laugarvatnsvegi. Sá vegur mun liggja um gömul tún og í gegnum birkikjarr að hluta.

Frístundabyggðin er í heild sinni staðsett á Lambahrauni sem fellur undir sérstaka verndun skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Mikilvægt er að forðast óþarfa rask á hrauninu og kemur það fram í skilmálum deiliskipulagsins. Nauðsynlegt er að fylgja því eftir með eftirliti þegar framkvæmdir við uppbyggingu og vegagerð eiga sér stað. Birkiskóglendisvistgerðir eru ríkjandi gróður á svæðinu en þær hafa hátt verndargildi eins og fjallað er um í greinargerð deiliskipulagsins og er birkikjarr svæðisins undir hverfisvernd. Samkvæmt skilmálum deiliskipulagsins um gróður skal forðast að raska birkikjarrinu og þá er óheimilt að gróðursetja framandi trjátegundir í frístundabyggðinni. Þetta eru góðir skilmálar að mati Náttúrufræðistofnunar og huga þarf sérstaklega að þessu við framkvæmd þeirrar uppbyggingar sem enn er ekki lokið í frístundabyggðinni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

